Námsáætlun

Kennari:	**Sigurrós Ragnarsdóttir**
Áfangi/fag:	**UPPT2OF03 - Skrifstofuhugbúnaður, fyrri hluti**

Stutt lýsing

Þátttakendur fá þjálfun í ritvinnslu, töflureikni og gerð kynningarefnis. Notast er við staðbundinn hugbúnað og hugbúnað í skýinu. Nemendur fá enn fremur stuttar kynningar á ýmsum möguleikum varðandi nám á netinu. Hugað er að skipulegri vistun gagna og að koma þeim á framfæri bæði á pappír og á rafrænan hátt, svo sem með rafrænni prentun og deilingu í skýinu. Eftir þennan áfanga ætti að hafa góðan grunn til að geta bætt við sig frekari færni með því að nota hugbúnaðinn í einkalífi, námi og starfi.

Undanfari: UPPT1GR00

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Notkun ritvinnslu til að leysa algeng verkefni á sviði ritunar.
- Notkun töflureiknis til að stilla upp talnagögnum og reikna út úr þeim og birta niðurstöður á prenti og myndrænt.
- Notkun kynningarforrits til að setja efni fram myndrænt.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að**:**

- Nota ritvinnslu til að útbúa algengar gerðir skjala, s.s. ritgerðir, ferilskrár, auglýsingar, merkimiða.
- Nota töflureikni til að útbúa eyðublöð, áætlanir og útreikninga, bæði með reikningsaðgerðum og algengum tölfræðiföllum. Enn fremur að gera línurit, tíðnitöflur og gagnagrunna.
- Nota kynningarforrit til að útbúa einfaldar kynningar, sem nota texta, myndir, myndskeið til að miðla efni bæði á pappír, skjá og á netinu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Geta valið viðeigandi verkfæri til að leysa hin ýmsu verkefni sem falla til í námi og starfi.
- Aflað sér frekari þekkingar og færni í upplýsingartækni.

Kennslugögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Ljósritað lesefni frá kennara, vefsíður og myndbönd. Microsoft Teams hópur.
Hringsjá útvegar allt námsefni fyrir nemendur

Námsmat

Til þess að standast áfangann þarf að taka 2x stöðumat sem eru í áfanganum. Til þess að fara í stöðumat þarf að klára öll verkefni sem flokkast undir viðeigandi mat. Kennsluáætlun greinir frá öllum verkefnum sem þarf að ljúka til að fá áfangann metinn.

Einkunnakvarði: Staðið/fallið.

Áætlun:
Til að fá áfanga metin til eininga þarf nemandi að klára eftirfarandi:

Röð verkefna	Námsefni - viðfangsefni	Kaflar/verkefni	Athugasemdir
1	Word 1	Letur, Efnisgreinar	
2	Word 1	Form, myndir	
3	Word 1	Dálkhök	
4	Word 1	Dálkhök, æfingar	
5	Ritgerð 1		
6	Ritgerð 1		
7	Ritgerð 2		
8	Ritgerð 2		
9	Ferilskrá		**Word stöðumat 1**
10	Word 2	Ýmis verkefni Almanak, töflur	
11	Word 2	Ýmis verkefni Vikudagarnir, ritgerð	
12	Word 2	Ýmis verkefni Frumkvöðlar	**Word stöðumat 2**
13	Power Point 1	Ýmis verkefni	
14	Power Point 1	Ýmis verkefni	
15	Power Point 1	Ýmis verkefni	

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar